

Ed.

469. Breytingartillögur

[124. mál]

við frv. til 1. um ríkisábyrgðir.

Frá Karli Kristjánssyni og Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:
Þær ábyrgðarheimildir, sem Alþingi hefur gefið út, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa verið notaðar, mega teljast heimildir til sjálfskuldarábyrgðar, hafi annað ekki verið ákveðið, þegar Alþingi samþykkti þær.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.